

Til lands-umbóta

Þannig þér þessalega aðstoð til útveðisakaupa, landræðis, vaxa, gripasjóga eða áhalds? Framkvæmdarfræðir bóndi mun aðstoð þína vora banka reišubúinn að veita sanngjörna lán til þesslegra fyrirtekja. Fianis byggðar-umboðsmann vora að máli og munis þér lina áhuga hjá honum fyrir mál-efnum yðar.

IMPERIAL BANK
OF CANADA

Riverton bankadeild, H. M. Sampson, umboðsmaður
Ótibá að GIMLI

I borgarmusterinu. 1)

Endurminningar frá Lúndunum.

Það er sunnudagsmorgun, — og þógn hvílir yfir heimaborginni miklu. Veðrið er yndislegt, líkt og hlýjan júlídag heima, þó að nú sé hávetur. Þessi sunnudagskyrð kemur hálf flatt upp á ókunnuga, eftir allan gauraganginn virku dagana á undan. Hún minnir á lognið að afstöðnum ofastormi. Götumar eru auðar og tómlegar. Bifreiðarnar, hestvagnarnir, sporvagnarnir, fólkstraumurinn, — þessi spandi, organdi, veltandi kós af yllum, lifandi og dauðum, — er alt horfið. Jafnvel aldinsarnir og lírukassaleikararnir láta ekki á sér bera. Eini votturinn um að enn bærist líf með fjölmönnum, sem gista allar þessar óteljandi raðir af hlýðum, reistum úr steini og stáli, er umferðin út og inn á neðanjarðarbrautarstöðvunum, og fyrir framan kirkjurnar, sem maður rekt alstafa á, hvar sem farið er um borgina.

Eg hef hugað mér að fara í kirkju í dag, — hefi þegar verið í Westminster Abbey og St. Pála dómkirkjunni, þessum tveim veglegustu musterum hákirkjunnar enaku, en orðið fyrir vonbrigðum í báðum. Guðspjónustan hafði að vísu verið hátíðleg, en köld eins og kirkjuvegirnir með öllum mar-marasólunum og myndastyttunum. Ferðinni er heitið til Holborn Viaduct, að hlusta á átraska kennimanninn og prestinn F. W. Norwood, sem svo mikið er látið af í blóðunum. Hann hefir nú, síðan styrjöldinni miklu lauk, prédikað í aðalkirkju Congregationalista sem eftirmaður þeirra Campbella og Parkers og getið sér fræg an orðstír þar, engu síður en á vígvellinum.

Morgunadín heilir geialum sinum inn um skrautmaláða kirkjugulgana og verpur ljóma á loftsvéðimar og orgelið, um leið og organeikarinn byrjar innngöngulagið. Af tilhögunarskránni, sem liggur prentuð hjá hvers manns sæti, sé eg, að lagið er eftir J. S. Bach, en eg hef aldrei heyrt það áður. Hugurinn flýgur ósjálfrátt á vængjum þessara dunmiklu tóna, burt úr hverdagahamnum og sveipast helgðjúp hvíldardaga ins.

Smátt og smátt fyllist kirkjan af fólki. Hægt og hátíðlega streymir það inn, — fólk á öllum aldri og auðsýnilega af öllum stéttum, því sumt er skrautklætt, en aðrir fátæklega til fara. Og alvörusvipur er á hverju andlit. Yfirleitt finnst mér alvörusvipurinn vera eitt algengasta einkennið á Engendingum. Það er sjaldan, að hann hverfi með öllu af andlitinu á þeim, jafnvel þegar þeir brosa. Og auðvitað eiga Engendingar yfir allakonar brosum.

*) Borgarmusterið (The City Temple), helsta kirkja Congregationalista, stendur við eina aðalgötuna í Lúndunum, Holborn Viaduct. Kirkjan var reist árið 1874. Við þessa kirkju störfuðu um langt skeið tveir af frægustu kennimönnum Engendinga, sem uppi hafa verið: Dr. Joseph Parker (1830—1902), sem á sínum tíma var álitinn mestur mælskumaður andlegar stéttar á Englandi, annar en Spurgeon, — og R. J. Campbell (f. 1867), hinn frægi enski nýgðfræðingur.

að ráða, eins og aðrir, þ. e. a. a. nema í kirkjunni. Eg hef séð fólk kýma við guðspjónustur í Kaupmannahöfn og heyrt hlátrasköll frá söfnuðinum, meðan hæst stóð á messu heima í kirkju á Íslandi. En eg geri ráð fyrir, að það yrði að gera eitthvað í meira lagi klætt í kirkjunni, til þess að alíkt gæti átt sér stað í enskum söfnuði. — Allir, sem inn koma, krjúpa, byrgja andlitið í höndum sér og gera bæn sína. Þessi síður er alstafað í epiku kirkjunum. — Ann aðhvort eru Engendingar óvenjurlegir hræsnarar, eða óvenjurlega trúhneigðir, og efast eg ekki um, að það síðara er hið sanna.

Söngflokkur, sem í eru á að gíxka 100 manns — um fimmtu konur og jafnmargir karlar — syngur frá svölunum inst í kirkjunni, innan við prédikunarstólinn, og fer þannig öll guðspjónustan — bæði söngur og prédikun og altarisgerð — fram gegnt söfnuðinum. Söngfólkið er alt klætt í hvítar skikkjur og líkist til að sjá einhverri uppheimasveit. Raddirnar eru ágætlega æðar, og ein stúlkan syngur við og við einsöng með skærri og hljómfagurri rödd. Hvað eftir annað endurtekur hún sama versíð. Stundum kemur það örveikt, enis og sárt bænarakall, stundum ofsaprunguð og ástíðufullt, stundum í klökk um róm, stundum fagnandi. Það er undravert, hvað þessi rödd á yfir miklum breytileik að ráða og getur sungið þetta vers á margvíslegan hátt inn í hjörtu áheyrendanna. Í sjálfu sér er versin næsta hverdagslegt, þegar maður les það. En af vörum söngvaram kemur það eins og dásamlegur boðskapur af hinnum ofan.

Víxlöngurinn milli söngflokks og presta, sem stendur fyrir altarinu á hlið við söngpallinn, er allslikur okkar tóni og tilbreytingin meiri, enda er auðheyrð að presturinn hefir ágæta söngrödd. Söfrudurinn tekur sjálfur undir með söngfólkinu, þegar það svarar. Yfirleitt virðast allir skoða sig hér þáttakendur í guðspjónustunni, en ekki áheyrendur. Og víxlöngurinn fer ágætlega fram. Maður verður hér ekkert var við þá óstjórnlegu löngun til að stínga fingrunum í eyrun eða hlauða á dyr, sem gripur mann stundum í kirkjum, meðan presturinn er að tóna.

Síðustu tónarnir af löfsöng fyrir prédikun (hymn before sermon) eru að deya út, þegar upp í prédikunarstólinn vindur miðaldra manni, háum og herðabreiðum. Hann er klæddur einkennisbúningi liðsforingja í enaka landhernum, en hvorki hennu né hökli. Sölbrent andlitið er alvarlegt og kjarklegt. Dauðabögn ríkir í kirkjunni, meðan hann talar. Það heyrir hvorki stuna né hosi frá þúsundum, sem fylla sætin. Auðheyrir er, að mönnum er umhugað um að missa ekki af einu einasta orði.

Og ræðan? Tvímælalaust sé áhrifamesta, sem eg hef heyrt. Röðdin er hreimmikil og djúp. Allir tilbúðir lýsa myndugleik og því frábærligu valdi, sem maðurinn hefir yfir sjálfum sér — og áheyrendunum. Og ræðan sjálf er hvorki neinn hnitmiðaður línulestur upp af skrifuðum blöðum, eða köld lærðomsdæmba fyrir ut

an og ofan garð við lífið og tilveruna, heldur spegilmýnd af lífi, þu sjálfu, eins og það birtist með öllum þess sorgum og gleði, hamingju og hörmungum. Hann talar blaðalaust, og orðin koma eins og ósjálfrátt af vörum hans.

Þarna úti á götunni streymir fólkið fram og aftur — allar þessar mörgu miljónir — stríðandi og stritandi fyrir einhverju verðmæti — einhverju sem ekki er hægt án að vera, ef lífið á ekki að verða að byrði og kvöl. Miljónaborgin læsir helgreipum sínum að hjarta hvers þess, sem órnagast og lætur niður falla baráttuna um stund. Og áður en varir er hann orðinn útrak og eftirbátur fjöldans og má búast við að verða úti á hjarninu ef hann á ekki yfir nægilegu valdi að ráða til að sjá (Framhald á 7. síðu)

„Þjóanninn á heimilinu“

er leikrit er á sér naumast nokkuð líkt meðal enskra leikrita í öbundu máli. — Viðfangsefni höfundarins eru óvenjurleg og meðferð þeirra einkennileg.

Allir viðburðirnir gera að heimili sveitastreps í göðum efnu á Englandi, nú á dögum. Prestafurinn á bróður sem er biskup í Lancashire, mammons þjónn með afbrigðum. Presturinn á bróður, biskup í Benares á Indlandi, sem er sannur þjónn drottins — hann er vantanlegur sem gestur. Bræðurnir hafa ekki sést síðan þeir voru unglingar.

Annar bróðir þessins er Robert, drykkjeldur auðnuleysingi, sem nú hefir ofan af fyrir sér með aðgerðum á saurrunum. — Robert á dóttur er prestshjónin hafa alið upp með mikilli ástúð, og er föður og dóttur stýjað sundur, svo hún veit ekkert um föður sinn. Samvika prestsins fer að ásaða hann um að hafa breytt ódrengilega við hinn ólánsama bróður, sem hefir í fyrstu stutt hann til lærðoms og hann átti mikið að þakka.

Leikurinn byrjar á því að von er á gesti, biskupnum frá Benares, einnig hefir Robert, rennumaðurinn, akrifað og segist koma til að sjá dóttur sína.

Prestshjónin taka saman ráð sín til að afstýra heimsókn Robert, er þeim þýkir minnkun að Biskupinn frá Benares kemur fyrst, dulklaðdur og er ráðinn þjónn á heimilinu. Prestshjónin þekkja hann ekki vegna hinnar löngu dvalar hans á Indlandi. Síðar rekt Robert inn á heimilið, óboðinn, aðbalegur og grófgerður, þrungið gremju til presta hjónanna sem hafa formáð hann. Síðast kemur biskupinn frá Lancashire, sem hugar mest um fjárgroðrabrall og eigin hag.

Leikurinn snýst upp í andlega baráttu milli biskupsins í Benares, sem gengur undir nafninu „Manson“ — orðaleikur, abr. „mánnains son“ — og Roberts, rennumannsins.

Skemtifundur stúdenta.

Studentafélagið hélt hinn árlega lega opinbera skemtifund sinn í I. O. C. T. Hall laugardagskvöldið 25. marz. Kept var um Brandsons bikarinn. Kappreðuefni, eins og áður hafði verið auglýst: „Akveðið að Gunnar á Hlíðar-enda hafi verið meiri maður en Skarphéðinn Njálsson.“ Hr. Jón V. Straumfjörð og ungfrú Friða Einarsson tóku málstað Gunnaras, en hr. Bergþór E. Johnsson og hr. Agnar Magnússon málstað Skarphéðins. Öllum fjórum förest mæta vel og voru áheyrendur mjög á báðum áttum um úrslit, en dönnendin kom sér saman um að neitandi hljóðin hefði gert betur, og hljóta þeir Bergþór og Agnar bikarinn fyrir komandi ár.

Ungfrú Freddland skemti með einöng. og Edward Thorlaksson flutti kvæðið: „Skarphéðinn í brennuni.“ Svo skemtu stú-

dentar með sínum glaðværa skólasögum.

Forseti fundarins var Dr. Jón Stefánsson, en þeir dómarnir Próf. Skúli Johnsson, hr. Walter Lindal, og hr. Jón Bjólfell.

FREIHERR VON JADEN OG ISLAND.

Um tuttugu ár-munu nú frá því, er Dr. Hans Krizka Freiherr von Jaden kom síðast til Íslands, og fyrnist margt á skemri tíma. — En þeir, sem honum kynst hér heima, munu hann vel og eins hefja hann haldið óalitatið tryggð við Ísland öll þau ár og hefir verið einn þess beztu vinur erlendis. Nýskóð hefir hann verið beðinn að flytja fyrirlestur um Ísland í háskóla Víðarborgar og ætlaði hann að verða við þeim tilnefningum. Hann er ef til vill sá erlend-ingur, sem flesta fyrirlestra hefir flutt um Ísland og hafa þeir allir verið fjölsóttir og mjög rómaðir. Það eitt, að Vínarháskóli hefir snúið sér til hana til að fræðast ítarlega um Ísland, sýnir betur en nokkuð annað í hve miklu álitu hann er. Oft hafa honum borist beiðnir úr fjarlægum stöðum um að flytja erindi um Ísland og þó að hann hafi fúslega viljað verða við þeim tilnefningum, þá hefir hann ekki ævinlega komið því við vegna embættisanna.

Dr. von Jaden hefir nú um 25 ára skeið verið dómari í landsdóminum í Vín, en síðastliðinn júlímánuð, — á 25 ára dómara-afmæli hans — var hann gerður að yfirdómara. Kjör hans eru eins og annara embættismanna Austurríkis og mundu þau þýkja flestum útkjálka-mentamönnum hér harla óviðunandi.

Allir Íslendingar, sem komið hafa til Vínarborgar síðastliðinn aldarfjórðung, hafa verið boðnir og velkomnir á heimili hans og konu hans, frú Astu Jaden, sem mjög er í hávegum höfð og mikilsmetin þar í borginni „og betri en nokkur útsendur sendiherra fyrir Ísland.“ eins og merkur lændingur sagði nýskóð við lænding, sem þar var á ferð. Gesturinn og alúð þeirra hjóna er mjög viðbrugguð og heimili þeirra taliandi vottur um Ísland, — íslenskasta hemili sem til er, að því leyti, að hvarvetna er þar skreytt íslenskum munum, ábreyðum, söðlum, trafakellum, kolum og fleira þess háttar.

Þó að mjög hafi skift til hins verra um fjárhag þeirra hjóna vegna styrjaldarhörmunganna, þá eru þau glöð og hláð raun sinni. Mjög er þeim kært að ræða um Ísland og málefni þess og fylgja öllu af áhuga, sem hér gerist. Dr. Jaden les og skilur íslensku fullkomlega, en talar hana ekki að jafnaði. Í bókasafni hans eru margar íslenskar bækur, bæði gamlar og nýjar og sumar mjög fagætar, en síðan 1914 hefir hann enga íslenska bók keypt, vegna hins afar óhentuga gengisunnar, og harmaði hann það mikið.

Landi voru er það mikill sómi og ómetanlegur hagur, er svo mikilsmetinn maður sem Dr. Jaden gerist ótilkvaddur talamaður þess og vinnur því eins og hinn beztu fulltrúi eða ræðisamaður. Má ekki minna vera en þess ólofsamega minst og væri vel, að hann fengi einhverntíma að verða þess var, að viðleitni hans væri metin að malleikum hér á Íslandi.

Vísirinn í Vísir

„TÓNLISTARHÆTTIR“

Fýrra hefti

Svo heitir nýutgefin bók eftir Jón Leifs; hún er óneitanlega ætluð til að auka þekking almennings á tónlist.

Rit þetta ætti að vera kærkomin gestur allra þeirra er sönglist unna, því það flytur lesandann inn í hina duldu heima tónlistarinnar, og vafalaust verður löngun til meiri lærðoms og eykur sjálf-

Þjóðræknishvöt

Eg skemti mér tíðum við skugga og ljósa, þar skínandi minninga fjöld frá æskunnar dögum er innðelli en dróa, þó ástarljóð syngi um kvöld. En sælastur verð eg, er les og vor ljóð og ljúfustu snillinga mál, sem örfa um taugarnar Íslendinga blóð, svo iljar það hjarta og sál.

Við vitum að lýðurinn lærir svo margt og leikur, að hérlemdum síð: íslenska málið þó engum er þarft né ágóði, að skilja sig við, nema að vilja þeir svikja þá sæmd og selja þann frumburðarrett, með fæðing er-var þeim í fyrstunni dæmd og forsjónin hefir oss sett.

Frjófandi vonarbjart framtíðarljósa,

fagnandi hugur minn sér, og fallega íslenska ræktaða róa, við risameið þjóðlífins hér. Því er mér gleði að lesa vor ljóð og ljúfustu snillinga mál: eg veit að mun lifa hjá lýðfrjálsri þjóð, listnæmi í íslenskri sál.

G. K. J.

Home and Baby

When the shades were drawn at night,
There appeared a ray of light,
An Angel clad in astral morn,
Who carried with him hope just born.
So like a tiny speck of pink,
Shivering on the oceans brink,
But if you only stop to think,
It was a Baby.

His threads of life my heartstrings twine,
And make me worship at his shrine,
A gem of love and light so rare,
It melts the darkness everywhere,
And makes heaven of a home,
Where over this earth we roam,
A bubble from auns aerial foam,
Our darling Baby.

And though he is not ours alone,
Traveller from a brighter zone,
It matters not who paid his fare,
As God has left him in our care,
Stem transplanted in earthly soil,
Perhaps to learn or teach or toil,
Chain that binds in loves strong coil,
Our own sweet Baby.

And when I turn to him awhile
To bathe my soul in a Baby smile
Sweet picture of an angel face
Enfolded in my warm embrace,
That has a secret tale to tell
Of another life where all is well,
That cooing sound a hallowed bell,
Is home and Baby.

Indó.

stæða skoðun á sviði tónlistarinnar.

Rit þetta er einkar auðvelt að skilja og á höfundurinn þakkrar skilið fyrir hve alþýðlegt það er. Innan skamms er von á öðru hefti og verður innihald þess sem fylgir:

Tilbrigði (variations) Rondó. Háttur, Sónötu-háttur, Blandaðir hættir, frjálsir hættir, nýjasta tónlist, skilningi (andi og meðferð).

Eftir þessu fyrsta hefti að deama verða þessar bækur að öllu leyti göður leiðarvísir við tónfræðisnám yfirleitt.

E. I.

Dóttir Rockefeller

hefir nýlega fengið hjónaskilin. að. Maður hennar heitir McCormick, forstjóri International Harvester fél., sem hér smíðar og verzlir með landbúnaðarvélar.

Hjónin hafa verið skilin að bórði og sæng í 8 ár.

SÝRA I MAGANUM VELDUR MELTINAR-LEYSI.

Orsakar gas, ádráði og verki. Hverus skal lesknastr.

Meðalfræðingar segja að nú tilvindu alra veikinda magans stafi af meltingarleysi, ádráða í maganum, gas, þembu, þrýsting, o. s. frv. Öð orsakir af of mikilli Klórli magans, en ekki, eins og sumir halda, af of litlu meltingarvöku. Hin noma magahúð er uppýtt og meltingin freast, þaðan stárnar og afleiðingarnar verða mjög óþægilegar, eins og allt, sem af öllu þíðet, kammast við.

Meltingarmæði eru óþórt í ævona tilföllum og geta verið hættuleg. Látið á hliðna öll þannig löguð meðli, og í stað þeirra fáið frá einhverjum áreiðanlegum lyfjala nokkrar ónzur af Bisurated Magnesia og takið af því eing-tekelt í vatni rétt eftir máltið, í kvartíglas af vatni. Þetta sykrar magann, kemur í veg fyrir myndun of mikillar sýru, og þér finnið engan verk eða ádráði eða gas. Bisurated Magnesia (í tabletti eða dúftmyndun) — alls ekki í vökva eður mjólkuruppleysing) er skaðlaus fyrir magann, óðyr að taka og er að áreiðanlegasta Magnesia við öllum magasjúkdómum. Það er brúkað af þúsundum fólka, sem þorbar máltíðir sínar að, án ótta fyrir meltingarleysi og þjáningum. Ruthenian Bookellers and Publishing Company, 850 Main St., Wpg.